

þar frests eða reynt til að afla skýrslu hans. Verður því ekki nú gegn mótmælum stefnda hér fyrir dómi beiðni áfrýjanda um frest í málinu tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hinn umbeiðni frestur veitist ekki.

Miðvikudaginn 15. júní 1938.

Nr. 54/1936. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Friðrik Jónasi Eiríkssyni

(Lárus Fjeldsted).

og valdstjórnin (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Hólmjárn J. Hólmjárn

(Lárus Fjeldsted).

Krafa um refsingu og skaðabætur fyrir spjöll á neð-anjarðar símastreng.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber hinum dómfelldu að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Á flutningi málsins fyrir hæstarétti hefir orðið mikill dráttur. Málið var afgreitt frá hæstarétti til máflutningsmannanna í byrjun maímánaðar 1936,

en kom ekki aftur til réttarins til flutnings fyrr en 3. þ. m., og ber verjandi málsins, Lárus Fjeldsted hæstaréttarmálflutningsmaður, sök á drætti þessum, sem ekki er réttlættur. Fyrir þennan drátt verður að sekta verjanda samkvæmt 35. gr. tilskipunar 3. júní 1796, og þykir sektin, er renna skal í fátækra sjóð Reykjavíkurkaupstaðar, hæfilega ákveðin 40 krónur, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómfelldu, Friðrik Jónas Eiríksson og Hólmjárn J. Hólmjárn, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Fjeldsted, 60 krónur til hvors.

Lárus Fjeldsted hæstaréttarmálflutningsmaður greiði 40 króna sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. marz 1936.

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Friðrik Jónasi Eiríkssyni verkamanni, til heimilis á Bjargarstig 2 hér í bæ, fyrir brot gegn 30. kapitula

hinna almennu hegningarlaga frá 1869 og lögum nr. 12 1905, um ritsíma, talsíma o. fl., og af valdstjórnarinnar hálfu gegn Hólmjárn J. Hólmjárn, framkvæmdarstjóra hlutafélagsins Svans, fyrir brot gegn lögum nr. 12 1905, um ritsíma, talsíma o. fl.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Friðrik Jónas fæddur 28. maí 1873, en Hólmjárn 1. febrúar 1891. Friðrik Jónas hefir ekki fyrr sætt ákæru eða refsingu, en Hólmjárn hefir hinn 28. apríl 1931 verið sektaður um 100.00 krónur fyrir brot gegn lögum nr. 38 1923, en ekki sætt öðrum kærum.

Hinn 21. nóv. s. l. varð bæjarsíminn var við, að jarðsamband var komið á margar símalínur, og varð af þeim orsökum að loka nálægt 70 símanúmerum. Við athugun síma-
verkstjórans kom í ljós, að á leið þeirri, er jarðsíminn lá um, hafði nýlega verið grafið út frá húsinu Lindargötu nr. 14 A, og við að grafa þar niður á jarðsímann fannst gat á jarnvefjum og blýi því, er var utan um símann, 10—12 mm. í þvermál og virtist vera eftir haka. Hafði mikið vatn runnið inn um gat þetta og allt að 7 metra út frá því og orsakað skemmdir á jarðsímalinunni.

Í rannsókn málsins kom það í ljós, að hlutafélagið Svanur hafði látið grafa þarna út í götuna dagana 13.—14. og 15. nóv., að því sem næst verður komizt. Framkvæmdi ákærður Friðrik Jónas það verk fyrir hlutafélagið. Hann hefir haldið því fram, að hann hafi farið varlega í kringum jarðsímann og hafi ekki orðið var við, að neitt gat kæmi á hann hjá sér. Hinsvegar tók hann ekki eftir, að nokkurt gat væri þá á honum.

Eftir því, sem upplýst er í rannsókninni, hefir ekkert verið grafið á þessum slóðum síðan 28. maí 1934, að hlutafélagið Svanur fékk leyfi til að grafa út í götuna. Talsmaður kærða hefir þó upplýst, að sumarið 1934 hafi Rafveitan grafið á þessum slóðum fyrir ljósakabal. Nú hafa þeir Gunnlaugur Briem símaverkfræðingur og Bjarni Forberg bæjarsímastjóri athugað sárið á blýinu og telja þeir „útilokað, að svo stórlega særður strengur hefði getað haldizt þurr í rökum jarðvegi, nema stutta stund, en að einangrun strengsins hefði hlotið að bila innan örfárra daga eftir rigningu eða að raki komst að strengnum á annan hátt.“ Út frá þessu verður rétturinn að ganga, og er þá ekki um

annað jarðrask að ræða, er strengurinn hefði getað skemmzt við, en það, sem ákærður Jónas Friðrik framkvæmdi áður-greinda daga, enda verður hann þá ekki var við, að nein skemmd sé á simatauginni.

Leitað hefir verið álits veðurstofunnar um úrkomu í Reykjavík í nóvembermánuði dagana 17.—22. Hefir hún reynzt þessi:

17. nóv.	0.1 mm.
18.	— 5.2 —
19.	— 0.1 —
20.	— 0.2 —
21.	— 2.9 —
22.	— 9.2 —

Samkvæmt framansögðu verður að telja ákærðan Friðrik Jónas hafa valdið umræddum skemmdum á strengnum, enda þótt hann hafi neitað að vita til að hafa gert það. Varðar það við 2. mgr. 297. gr. almennra hegningarlaga frá 1869, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 20 króna sekt til rikissjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 2 daga, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður Hólmjárn J. Hólmjárn hefir viðurkennt að hafa sem framkvæmdarstjóri hlutafélagsins látið framkvæma verk þetta án þess að hafa tilkynnt simastjórninni það áður, svo sem boðið er í 10. gr. laga nr. 12 1905, um ritsíma, talsíma o. fl. Refsing hans fyrir þetta brot þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 13. gr. laganna 20 króna sekt til rikissjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 2 daga, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins.

Landssímastjóri hefir fyrir hönd landssímans krafizt þess, að ákærðir yrðu dæmdir in solidum til að greiða fyrir tjón það, er af verkinu hefir hlotizt og nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 849.62, ásamt 6% ársvöxtum frá kærudegi, 7. des. 1935.

Með því að engin sérstök mótmæli hafa komið fram gegn skaðabótakröfunni út af fyrir sig eða einstökum liðum hennar, verður að taka hana til greina, og dæma kærðu in solidum til að greiða landsíma Íslands kr. 849.62, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. des. s. l. til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dá greiði og kærðir allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns fyrir réttinum, Lárusar Fjeldsted hrm., er ákveðast kr. 75.00.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Friðrik Jónas Eiríksson, greiði 20 króna sekt til rikissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 2 daga.

Kærður, Hólmjárn J. Hólmjárn, greiði 20 króna sekt til rikissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 2 daga.

Ákærður Friðrik Jónas og kærður Hólmjárn greiði landssíma Íslands in solidum kr. 849.62, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. des. 1935 til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þeir greiði loks in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Fjeldsted hrm., kr. 75.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. júní 1938.

Nr. 96/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Albert Ernest Thompson

(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, og að því athuguðu, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 49.35, þá þykir mega staðfesta dóminn, þó með þeirri breytingu, að kærður